

Skýrsla Prófanefndar starfsárið 2016

Meðlimir í prófanefnd árið 2016 voru Ella Björt Teague (formaður), Íris Stefánsdóttir, Matthías Matthíasson, Sigurlín Hrund Kjartansdóttir og Unnur Jakobsdóttir Smári.

Sex nefndarfundir voru haldnir á árinu. Engin formleg mál bárust prófanefnd.

Helstu umfjöllunarefni nefndarinnar voru eftirfarandi:

- *Geymsla sálfræðilegra gagna:*
Prófanefnd hefur á undanförunum tveimur árum lagt talsverða vinnu í að kynna sér bæði íslensk og erlend lög um sjúkráskrár og geymslu sálfræðilegra prófgagna. Ljóst er að fyrirkomulag um geymslu gagna er talsvert ólíkt eftir mismunandi starfsstöðvum sálfræðinga og hefur prófanefnd einnig lagt vinnu í að kynna sér slíka starfshætti á Íslandi. Í samráði við stjórn SÍ ritaði prófanefnd Landlækni bréf þar sem settar voru fram skýrar tilögur varðandi varðveislu sálfræðilegra prófgagna (hrágagna). Málið dróst vegna tafa í svörum en seint á árinu barst bréf frá Landlæknisembættinu þar sem greint var frá því að embættið væri samþykkt tillögunum. Lögræðingar Landlæknisembættisins lögðu hins vegar til að SÍ þrýsti á lagabreytingu til þess að skýra núgildandi lög um sjúkráskrár. Stefnt er að fræðslufundi í samstarfi við fræðslunefnd í vor til þess að kynna þessi mál frekar fyrir félagsmönnum.
- *Uppsetning gagnabanka sálfræðilegra matstækja:*
Prófanefnd telur afar mikilvægt að bæta aðgengi sálfræðinga að upplýsingum um sálfræðileg matstæki á íslensku. Nefndin hefur komið á samstarfi við LSH um aðgang að upplýsingum um matstæki sem safnað hefur verið að saman innan spítalans. Unnið er að því að finna leiðir til þess að deila þessum upplýsingum með öruggum hætti á netinu. Stefnt er að frekara samstarfi við stjórn SÍ um þessi mál. Prófanefnd hefur einnig í hyggju að fá háskólana í samstarf varðandi aðgang að verkefnum nema sem varða próffræðilega vinnu við sálfræðileg matstæki.
- *Staða greindarprófa á Íslandi*
Prófanefnd hefur fylgst með þýðingu og aðgengi að WAIS-IV og WPPSI-IV og hafa einstakir meðlimir nefndarinnar unnið með beinum hætti að úrbótum á þessum málum í samstarfi við aðra vinnuhópa.

Reykjavík, 20. febrúar 2017.

Fyrir hönd Prófanefndar

Ella Björt Teague, formaður